

Aðalfundur SÍL

haldinn í húsnæði Promennt, sunnudaginn 7. október 2018 kl. 14:00.

Mætt voru: Hans Orri Straumland (BR), Atli Týr Ægisson (LH), Finnbogi Óskarsson (LH), Gréta Hauksdóttir (LH), Jón Kr. Snorrason (LR), Ívar Baldvin Júlíusson (Lv), Páll Pálsson (Lv), Rannveig Rós Ólafsdóttir (Lv) og Helga Ósk Hreinsdóttir (S). Flóvent Máni Theódórsson (LV), Ólafur Þór Snorrason (LV) og Vilborg Sigurðardóttir (LV) voru á fjarfundi.

Páll formaður setti fundinn og tók að sér fundarstjórn. Finnbogi ritaði fundargerð.

Viðstaddir staðfestu að löglega hefði verið boðað til fundarins. Fundarstjóri rakti fyrirhugaða dagskrá fundarins skv. lögum SÍL.

Skýrsla stjórnar

Páll las skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár.

Stjórnin fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu en umræður fóru að mestu fram á netinu. Haldinn var sameiginlegur fundur með stjórn SÍSL 27. 9. 2017. Þar var m.a. samið um að SÍSL fengi aðgang að Leikandi létt 2, en einnig rætt um NOMU-samstarfið, tónleikasali o.fl. Félagsfundur SÍL var haldinn í maí 2018 og þar ákveðið að næsta landsmót yrði 2019.

Staðsetning er enn óljós en óskað var eftir áhugasömum mótshöldurum.

Sótt var um styrk til nótnaútgáfu til Rannís, en ekki fékkst styrkur að þessu sinni, frekar en undanfarin ár. Hins vegar fékkst 500.000 kr. styrkur úr nótnasjóði STEFs, sem verja á til að útsetja íslensk lög fyrir lúðrasveitir. Hver sveit á að tilnefna a.m.k. eitt lag og útsetjara.

Skýrslan var samþykkt samhljóða.

Finnbogi las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var í Reykjavík 24. september 2017. Fundargerðin var samþykkt samhljóða, en gerð var athugasemd við að reikningar sem lagðir voru fram á fundinum hafi enn ekki verið skoðaðir.

Ólafur lagði fram óskoðaða reikninga fyrir starfsárið 1.9.2017-31.8.2018. Lítil umsvif voru á árinu en tekjur umfram gjöld voru 588.258 kr. – stærsti hluti þess er styrkurinn frá STEF.

Heildareignir SÍL í sjóði í lok fjárhagsársins eru rúmlega 1,8 Mkr.

Útistandandi eru árgjöld nokkurra lúðrasveita og einnig rúmlega 40 þúsund krónur hjá SÍSL, fyrir STEF-gjöldum vegna kaupa umframeintaka af Leikandi létt 2.

Reikningarnir voru samþykktir með fyrirvara um að þeir verði skoðaðir fyrir áramót.

Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram fyrir fundinn.

Tillögur um félagsgjöld 2019

Félagsgjaldið hefur verið 10.000 kr. á hverja starfandi lúðrasveit undanfarin ár. Tillaga kom fram um að hækka árgjaldið í 15.000 kr. og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Kjör stjórnar og endurskoðenda

Engin framboð til stjórnar höfðu borist fyrir fundinn en Páll, Ólafur, Jón og Hans lýstu því yfir á fundinum að þeir gæfu áfram kost á sér. Finnbogí hafði beðist undan áframhaldandi stjórnarsetu. Helga bauðst til að taka sæti hans. Fleiri framboð bárust ekki og ofantalin fimm voru kjörin samhljóða. Páll og Ólafur héldu sínum embættum en Hans verður ritari.

Valgeir og Vilborg voru boðin fram sem skoðunarmenn reikninga. Engin fleiri framboð bárust og þau voru kjörin samhljóða.

Stjórn SÍL starfsárið 2018-2019 er því svo skipuð:

Formaður: Páll Pálsson.

Ritari: Hans Orri Straumland.

Gjaldkeri: Ólafur Þór Snorrason.

Meðstjórnendur: Helga Ósk Hreinsdóttir og Jón Kristinn Snorrason.

Skoðunarmenn reikninga: Valgeir Geirsson og Vilborg Sigurðardóttir.

Önnur mál

Nótnaútgáfa: Drífa þarf í að nýta styrkinn frá STEFi til að gefa út nýjar útsetningar. Þetta þarf að gerast á almanaksárinu. Skorað var á sveitirnar að senda inn tilnefningar innan viku. Berist ekki tilnefningar gæti stjórnin tekið að sér að fylla upp í 10 lög og finna útsetjara.

Landsmót: LV á 80 ára afmæli 2019 og er jákvæð fyrir því að halda landsmót SÍL í tilefni af því. Lv hefur sömuleiðis áhuga á að halda landsmót á Akureyri – í samstarfi við LA eða annað lúðrafólk norðan heiða. Ákveðið var að Akureyrarverkefnið yrði kannað betur og skýrt svar gefið fyrir lok októbermánaðar.

Gangi þessi hugmynd ekki upp verður LV falið að kanna grundvöll fyrir landsmóti í Eyjum.

Styrkjамál: Lítið hefur unnist í að fá upplýsingar um mögulegan fastan styrk frá MMR. Skorað var á nýja stjórn að fylgja málinu eftir, til dæmis með því að fá fund með ráðherra.

NOMU: Vilborg Jónsdóttir fór fyrir hönd SÍSL á NOMU-fund í haust. Ný stjórn ætlar að kanna hvað þar kom fram og hvort NOMU sé að taka við sér eftir dauf ár frá hrúni.

Skýrslur lúðrasveitanna

Skýrslur fjögurra sveita bárust fyrir aðalfund og fara ágríp þeirra hér á eftir.

LH:

Starfandi félagar voru um 40. Stjórnandi er Rúnar Óskarsson.

Tvennir stórir tónleikar voru haldnir, annars vegar með Kór Flensborgarskólans og Flensborgarkórnum í húsnæði Björgunarsveitar Hafnarfjarðar 25. nóvember og hins vegar í Víðistaðakirkju 21. apríl. Á fyrrnefndu tónleikana komu rúmlega 500 gestir. Einnig voru haldnir Októberfesttónleikar á Ölstofu Hafnarfjarðar 7. október. Þar að auki voru

hefðbundnar spilamennskur, t.d. við jólatré, í Jónaborginu, á sjómannadaginn og 17. júní, polkaspil o.fl. Næstu tónleikar verða í Víðistaðakirkju 27. október.

LR:

Hefðbundið starf að mestu leyti. Vortónleikar 2018 voru í Hörpu þar sem Ari Eldjárn fór með gamanmál og Valskórinn og Karlakórinn Bartónar sungu með sveitinni. Dagskrá fyrirhugaðra hausttónleika er helguð Páli Pamphichler Pálssyni sem varð níræður í vor, en hann stjórnaði LR á árunum 1949-1974.

Talsverðar framkvæmdir hafa verið í Hljómskálanum undanfarin ár, og í sumar sem leið var skipt um hitakerfi á efri hæðinni, lagður gólfhiti og ofnar fjarlægðir af veggjum.

Stjórnandi LR er Lárus Halldór Grímsson.

LP:

Stjórnandaleit LP var farsælega til lykta leidd haustið 2017 þegar Snorri Heimisson tók við sprotanum. Haldnir voru þrennir tónleikar þar sem flutt var tónlist eftir Magnús Þór Sigmundsson, í nýjum útsetningum sjö útsetjara. Stefán Jakobsson söng með í helmingi laganna. Aðsókn að tónleikunum var mjög góð, ríflega 500 manns borguðu sig inn.

Á nýrstónleikum söng Þór Breiðfjörð með sveitinni og Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir framdi línudans og sirkuskúntir.

Svanur:

Sveitin er ágætlega mönnuð eftir nokkur mögur ár, 40-45 spilarar voru á sviði á tónleikum síðasta vetrar. Stjórnandi frá hausti 2015 er Carlos Caro Aguilera. Æft er í mjög þröngu húsnæði á Þönglabakka 4. Unnið er að framtíðarlausn í húsnæðismálum.

Tónleikarnir voru þrennir; hausttónleikar með tölvuleikþema í Norðurljósum 18.

nóvember, jólatónleikar í Hörpuhorni 9. desember og vortónleikar með blús- og sveifluþema í Norðurljósum 9. apríl. Svanurinn fór í níunda sinn á lúðrasveitahátíðina í Bad Orb 2018.

Auk formlegra tónleika var leikið við önnur tilefni á starfsárinu, m.a. á októberfestum, í afmælum, á blúshátíð, 1. maí, 17. júní, menningarnótt og víðar.

Sérstaklega skal nefnt að leikið var í 90 ára afmæli Gísla Ferdinandssonar, heiðursfélaga Svansins, í Neskirkju 14. október 2017 og við útför Jóns Sigurðssonar, sem einnig var heiðursfélagi, frá Digraneskirkju 29. ágúst 2018.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15:35.

Finnbogi Óskarsson